

2 verið talinn sem sveitarómagi, þangað til á árinu 1895, er honum, þá orðnum 16 ára, var veitt hjálp af sveitarfjelagi Dyrhólahrepps, og á síðastliðnu ári hefir honum verið ráðstafað sem heilsulau um ómaga á kostnað sama hrepps. Þar sem þjer nú hafið álitit, að þótt styrkur sá, sem veittur var á árinu 1888, Ólafi til framfærslu, verði að skoðast sem veittur móður hans, og þótt það því aðallega sje hennar hreppshelgi, sem ákveðin sje við ómaga-skiptinguna, þá megi samt án efa telja það víst, að það hafi verið barnið, sem haft hafi verið fyrir augum við skiptinguna, og móðurinni eptir því úthlutað til Dyrhólahrepps *með barninu*, hvað einnig virðist vera hinn eðlilegasti skilningur á þessari ráðstöfun, þannig, að hinn núverandi Dyrhólahreppur hafi tekið Ólaf að sjer um leið og móður hans, þá get jeg eigi verið yður samdóma um þetta, því enginn, sem ekki er orðinn 16 ára, verður álitinn að þiggja af sveit, þótt lagt sje fram fje honum til framfærslu úr sveitarsjóði, heldur er slíkur styrkur veittur þeim, sem ber að framfæra hlutaðeiganda að lögum, og skyldi slík framfærsluskyld persóna eigi vera til, þá er sá, sem framfærsluna þiggur, skoðaður sem byrði, er hvílir á sveitarfjelinu sjálfu, sem kemur að öllu leyti í stað hinnar framfærsluskyldu persónu, þangað til ómaginn er orðinn fullra 16 ára. Þá fyrst er einnig framfærslurjettur hans gagnvart því opinbera miðaður við hinn svonefnda fæðingarhrepp hans, og í því tilfelli, sem hjer liggur fyrir, er fæðingarhreppur hans hinn forni Dyrhólahreppur, ekki hinn núverandi Dyrhólahreppur, eins og hreppsnefndin í Hvammshreppi virðist vilja halda fram, enda var sá hreppur alls ekki til, þá er Ólafur Þórðarson fæddist. Þótt hann sje nefndur í skiptagjörðinni sem tilheyrandi hinum nýja Dyrhólahreppi, en eigi móðir hans, þá verður þetta eigi skilið öðruvísi, en að einungis sje höfð fyrir augum framfærsla hans, á meðan hann væri á ómagaaldri, og getur alls eigi haft þá verkun, að hann ætti að framfærast af Dyrhólahreppi hinum nýja, ef hann yrði þurfandi styrks eptir 16 ára aldurinn, án þess að hafa áunnið sjer sveit annarsstaðar, en ef þetta væri svo, þá hefði átt að telja upp við skiptinguna öll börn undir 16 ára í hinum forna Dyrhólahreppi, sem þar áttu fæðingarhrepp. Það atvik, að Ólafur Þórðarson er nú orðinn þurfandi sveitarstyrks, eptir að hann varð 16 ára að aldri, er að skoða sem sveitarþyngsli, sem síðar eru komin til, og eiga rót sína í fjelagsskap þeim, sem áður átti sjer stað milli hinna nýju hreppa.

Samkvæmt þessu, sem jeg þannig hef tekið fram, er fyrnefndur úrskurður yðar úr gildi felldur, og er hjer með ákveðið, að framfærsla Ólafs Þórðarsonar, eptir að hann varð 16 ára, skuli hvíla á báðum hreppunum, Hvammshreppi og Dyrhólahreppi, eða hinum forna Dyrhólahreppi, eptir því hlutfalli, sem ákveðið var við skiptingu hreppsins í tvö sveitarfjelög, og ber Hvammshreppi að endurgjalda hinum núverandi Dyrhólahreppi að tiltölu framlög þau, sem þegar hafa átt sjer stað.

Þetta gefst yður hjer með þjenustusamlega til vitundar yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum.

3

Brjef landshöfðingja til stiptysfirvaldanna yfir Íslandi um lantökuleysi handa

28. jan. prestakalli. — Samkvæmt beiðni prestsins að Hjarðarholti í Dölum, præp. hon. Jóns Guttormssonar, og tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 25. oktbr. f. á., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að nefndur prestur taki 2500 kr. embættislán upp á tekjur prestakallsins til að byggja á prestssetrinu Hjarðarholti íbúðarhús úr timbri, tvíloftað, 10×12 álnir að stærð, með steinlímdum kjallara undir því öllu og að öðru leyti með því fyrirkomulagi, sem uppdráttur sá bendir til, er fylgdi með ofanefndu

brjefi stiptsyfirvaldanna. Enn fremur er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum **3**
bundið, að eigi verði útborgað meir en helmingur lánsins fyrir en sannað er með **28. jan.**
reglulegri skoðunargjörð þar til útnefndra manna, að húsið sje fullgjört og í á-
skildu standi, að lánið verði ávaxtað og endurborgað af tekjum prestakallsins á
25 árum samfleytt frá lántökudegi að telja með jöfnum afborgunum, að húsið
með eldavjel og nauðsynlegum ofnum verði eign prestakallsins, enda mega þá
niðurfalla eptirnefnd bæjarhús: baðstofa, tvenn þvergöng, bæjardyrhús, búrhús,
stofuhús og eldhús, að það verði allt járnvarið að utan, en málað að innan, að
sannað sje á fulltryggjandi hátt, að húsið sje traust og vel vandað, að húsinu
sje undir eptirliti prófasts haldið í eldsvöðaaabyrgð fyrir 3000 krón. að minnsta
kosti og að presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför hans eða frá-
fall í gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið
til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lambseidi. — Með þóknanlegu **4**
brjefi, dagsettu 28. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, og þjer, herra biskup, látið **29. jan.**
mjer í tje skoðun yðar um erindi frá ekkjunni Jónínu Þóreyju Jónsdóttur á
Höfnum, þar sem hún spyrst fyrir um, hvort hún sje skyld til að fódra 2 lömb
fyrir sóknarprest sinn, svo sem hann hafi krafizt af henni, fyrir það, að hún
hafi 2 jarðir undir til ábúðar í prestakallinu, og hafið þjer tekið fram það, sem
hjer segir.

Að vísu sje svo sagt í landshöfðingjabrjefi 14. maí 1880 (Stj tíð. 1880 B.
bls. 104), að hafi maður útibú á jörðu, er sjerstaklega sje metin til dýrleika, þá
beri honum að greiða öll lögbóðin gjöld einnig af útibúsjörðinni, þar á meðal
lambsfóður, enda muni sama skoðun hafa komið fram í nokkrum stiptsyfirvalda-
úrskurðum um það leyti, og virðist það álit þá hafa ráðið mestu, að lambseidið
væri gjald, sem hvíldi á jörðum sem lögbýlum, samkvæmt jarðabókinni, en væri
ekki persónulegt gjald á ábúanda.

En þessa skoðun tjáizt þjer eigi geta fallizt á. Samkvæmt löggjöfinni og
eðli gjaldsins, sem og eptir ýmsum gömlum ákvörðunum og fornri venju virðist
heytollsskyldan öllu fremur verða að skoðast sem persónulegt gjald, er hvíli á
íbúum prestakallsins, þeim er grasnyt hafa, án þess greinarmunur sje á því
gerður, hvort þeir hafi að eins part úr jörðu, heila jörð eða fleiri jarðir undir í
prestakallinu.

Loks skýrið þjer frá því, að í samræmi við þá skoðun, er stiptsyfirvöld-
in þannig hafa látið í ljós, hafi fallið að minnsta kosti 3 stiptsyfirvaldaúrskurðir
á þá leið, að bónda, sem hefir tvær jarðir undir í sama prestakalli, beri ekki
fyrir þá sök skylda til að greiða sóknarpresti sínum meira en einn heytoll.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til
þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir spyrjandanum, að jeg verð alger-
lega að fallast á skoðun yðar í þessu máli, að því viðbættu, að málið heyrir und-
ir úrslit dómstólanna,